

Tillaga um endurskoðun atkvæðavægis sveitafélaga

Bæjarstjórn Vesturbyggðar óskar eftir því við stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga að tekin verði til skoðunar breyting á 4. gr. samþykktar sem varða vægi atkvæða. Tillögur að breytingum verði lagðar fyrir 70. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti.

Greinargerð.

Atkvæðavægi fer skv. 4 gr. samþykktar Fjórðungssambands Vestfirðinga og er þannig að grunnatkvæðafjöldi eru 300 atkvæði og að viðbættu þeim einu atkvæði á hvern íbúa.

Þetta fyrirkomulag var ákveðið á 65. Fjórðungsþingi eftir miklar umræður.

Núverandi fyrirkomulag letur sveitarfélög til sameininga og leggur bæjarstjórn Vesturbyggðar það til að grunnatkvæðafjöldin verði festur miðað við þá dagsetningu þegar fyrirkomulagið var samþykkt og verði ekki fækkað við sameiningar.

Svo dæmi sé nefnt myndi atkvæðavægi Árneshrepps og Kaldrananeshrepps minnka umtalsvert ef svo færi að sveitarfélögin sameinist.

Við sameiningu Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps fækkaði atkvæðum svæðisins um 300.